



## Formannafundur 15. janúar 2014 kl 18.00 að Varmá.

Formannafundur haldinn miðvikudaginn 15. janúar í fundaraðstöðu félagsins að Varmá.

Mættir voru.

Guðjón Helgason aðalstjórn, E. Hekla Klemenzdóttir aðalstjórn, Geirarður Long aðalstjórn, Ingólfur Garðarsson knattspyrnudeild, Ólafur Óskarsson frjálssíþróttadeild, Jónas P Aðalsteinsson sunddeild, Guðrún Kristín Einarsdóttir blakdeild, Andrea Magdalena Jónsdóttir karatedeild, Inga Lilja Lárusdóttir handboltadeild, Sigrún Huld Auðunsdóttir fimleikadeild, Dagný Kristinsdóttir badmintondeild og Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri.

### Dagskrá fundar.

1. N1 samningur.
2. Framtíðarstefna í mannvirkjamálum - Stofnun vinnuhóps.
3. Tímatafla í sölum.
4. Búningamál félagsins – Stofnun vinnuhóps.
5. Framtíðin – Viðar Halldórs – Námskeið nr 2.
6. Nora kerfið.
7. Önnur mál.

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. N1 samningur.

Guðmundur Valdimarsson frá N1 mætti á fundinn og kynnti N1 samninginn við Aftureldingu og fór yfir afslátt af vörum sem deildum félagsins stendur til boða hjá N1 til fjáröflunar á starfi sínu. Ákveðið var að setja stutta grein í Mosfelling um sameiginlegt átak félagsins að safna N1 korthöfum sem deildir félagsins fara í á næstunni. Ágóði af benzínsölu allra korta rennur beint til allra deilda félagsins sem skrá þessi stuðningsmannakort inn.

#### 2. Framtíðarstefna í mannvirkjamálum.

Ákveðið að stofna vinnuhóp vegna framtíðarstefnu Aftureldingar í mannvirkjamálum sem hefði það hlutverk að forgangsraða og greina þörf á nýjum íþróttamannvirkjum og viðhaldi þeirra sem fyrir eru. Formenn tóku að sér að tilnefna fulltrúa hvernar deildar í vinnuhópinn og skila nafni til framkvæmdastjóra fyrir 25.01. 2014. Gunna Stína frá blakdeild ræddi um mannvirkjanefndina. Mælti hún með að hægt væri að finna gömlu gögnin sem búið var að vinna hér einu sinni - svo ekki væri verið að finna upp hjólið að nýju og athuga hvar við stöndum gagnvart þeim skýrslum. Sævar fyrrverandi formaður leiddi þá vinnu á sínum tíma. Einnig sagði hún frá því að mannvirkjanefnd hafi verið í gangi í a.m.k. einn vetur fyrir ca 3-4 árum síðan.

### 3. Tímatafla í söllum.

Endurskoðuð tafla sem tók gildi 13. janúar s.l. lögð fram.

### 4. Búningamál félagsins.

Formannafundur samþykkir einróma að fara í útboð vegna búninga félagsins. Núverandi samningur við Errea er útrunninn næsta haust og því þarf að undirbúa nýtt útboð. Formenn allra deilda taka að sér að tilnefna einn fulltrúa í búninganefnd fyrir 25.01. 2014 til framkvæmdastjóra. Sá hópur fundar um málið og velur 3-5 fulltrúa sem hefur það hlutverk að klára útboðsgögn sem þurfa að vera tilbúin fyrir 10. mars. n.k.

### 5. Framtíðin – verkefni Aftureldingar

Framkvæmdastjóri kynnti annan áfanga fundaherferðar Viðars Halldórssonar með þjálfurum Aftureldingar sem nú er að fara af stað.

### 6. Nora kerfið og innheimtumál.

Framkvæmdastjóri sagði frá útreikningum á afslætti milli deilda v. systkina og fjölgreinaafsláttar. Rætt var um innheimtu iðkendagjalda m.a. þau mál sem komin eru alla leið í innheimtuferli Motus. Inga Lilja handboltadeild ræddi um innheimtur sem fara beint í innheimtu hjá Mótus eftir að eindagi er liðinn. Óskaði hún eftir því að gjaldkerar deilda fengu kröfur fyrst til yfirferðar áður en krafa færi lengra í innheimtuferlinu m.a. til að koma í veg fyrir kostnað v. innheimtuaðgerða. Framkvæmdastjóri sagði frá því að framundan væri fundur með Mótusmönnum þar sem skýra ætti verkferla varðandi innheimtuferlið upp á nýtt.

### 7. Önnur mál.

- Gunna Stína frá blakdeild spurði um styrktarsamning við Íslandsbanka. Formaður sagði frá innihaldi hans.
- Dagný frá badmintondeild talaði um þörfina á að klára sameiginlega eineltisáætlun félagsins sem lægi síðan miðlægt á heimasíðu félagsins og að það vanti verklagsreglur um kynferðislegt ofbeldi/áreiti.
- Indriði sagði frá fundi með þjálfurum vegna nýrrar rýmisáætlunar 2. jan. s.l. 25 þjálfarar mættu frá öllum deildum. Ákveðið var á framkvæmdaráðsfundi Varmár að taka slíkan kynningarfund með þjálfurum aftur næsta haust fyrir þá sem ekki gátu komið á þennan.
- Rætt um hlutverk Siðanefndar félagsins og að skipa þurfi í nefnd sem tekur við ábendingum um eineltismál sem koma upp í félaginu.
- „Blátt áfram“ námskeið um viðbrögð v. kynferðismála sem upp kunna að koma stendur til boða fyrir yfirþjálfara í vor – Siðanefnd heldur utan um slík mál í samvinnu við félagsmálayfirvöld bæjarins. Umræða var um hvort ekki ættu allir þjálfarar að fara á slíkt námskeið.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.30.

Indriði Jósafatsson

( sign. )